

Samræðunum haldið áfram

**Tillögur um aðgerðir sem myndu sýna viðleitni stjórnvalda
til að gera upp og minnst arfleifðar réttarspjalla
og misbeitingar valds**

Greinargerð

Tryggvi Rúnar Brynjarsson
f.h. fjölskyldu Tryggva Rúnars Leifssonar,
fyrrum dómþola í Guðmundar- og Geirfinnsmálum

Afhent í Stjórnarráði Íslands
hinn 4. apríl 2019

Inngangur

Eftir úrskurð Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sl. september lýstu þónokkrir embættis- og ráðamenn yfir von sinni um að nú staði Þjóðfélagið nærri allsherjaruppgjöri við þá nærri 45 ára gömlu sögu sem málin ná yfir. Þessu höfnum við sem enn þurfum að bera stóran skerf þeirrar skammar og sektar sem með réttu ætti að hvíla hjá þeim einstaklingum sem á sínum tíma misbeittu gróflega valdi sínu og stöðu.¹ En það gerðu þeir í krafti opinberra stofnanna sem síðan þá hafa tryggilega staðið vörð um þá, þeirra minningu og þeirra heiður.

Eins heyrðist frá þáverandi dómsmálaráðherra að ef reynslan af málinu brýndi á einhverju þá væri það á nauðsyn þess að löggjafinn tryggði persónuvernd sakborninga og brotamanna. Þessu höfnum við sem árum saman höfum þurft að berjast við að afla upplýsinga frá hægvirikum og jafnvel ósamvinnuþýðum ríkisstofnunum.²

Dauf og taktlaus viðbrögð ríkisins hingað til hafa afhjúpað nauðsyn þess að við úr horni fyrrum dómþola málanna köllum beinlínis sjálf eftir aðgerðum sem ríkið getur farið í til að gera upp og minnst þess fordæmalausa ofbeldis sem það sjálf er ábyrgt fyrir.

Hér á eftir fylgja nokkrar tillögur þess efnis. Markmið þeirra er að efla

1. aðgang dómþola að réttlæti í málum sem byggðust eingöngu eða nær eingöngu á fölskum játningum og/eða óáreiðanlegum framburðum;
2. fræðslu íslenskra ungmenna um söguna á bakvið Guðmundar- og Geirfinnsmál og lærdóminn sem draga má af þeim;
3. vinnuþvingu og fræðilega þekkingu starfsfólks réttarvörslukerfisins um hættur á og afleiðingarnar af ranglátri málsmeðferð og röngum dómum;
4. skilning fræðimanna á sögulegum rótum kerfisbundinnar jaðarsetningar og mismununar á Íslandi eftirstríðsáranna;
5. flokkun og skipulagningu gagna réttarvörslukerfisins í skjalasöfnum;
6. aðgang almennings að skjölum og gögnum réttarvörslukerfisins sem geymd eru hjá opinberum skjalasöfnum, dómstólum og ráðuneytum;
7. traust almennings á stofnunum og dómum tiltekinna dómara sem rúnir eru trúverðugleika vegna brota í opinberu starfi.

Tillögurnar tengjast bersýnilega ýmsum kímum samfélagsins. Þær eru líka framtíðarmiðaðar. Hugmyndin er að nýta megi reynsluna af misbeitingu valds, afglöpum sumra og afskiptaleysi hinna, en ekki síður leitinni að réttlæti, til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir á sem flestum sviðum. Hvernig

¹ Tryggvi Rúnar Brynjarsson, „Einfaldur þolandi flókens og forns dómskerfis. Arfleifð skammar og útþynning ábyrgðar við úrlausn Guðmundar- og Geirfinnsmála í samtímanum“. Erindi flutt í Þjóðminjasafni Íslands, aðgengilegt á vef Sagnfræðingafélags Íslands (12. febrúar 2019).

² Sjá t.d. *Skýrsla starfsbóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra*, bls. 96 (21. mars 2013).

framtíðarkynslóðir Íslendinga munu koma til með að líta á fyrirrennara þeirra skiptir nefnilega meira máli en að ímynd landsins út á við, eða dómskerfisins inn á við, sé haldið hreinni um stundarsakir með þöggunartilburðum og voninni um gleysku almennings og þreytu baráttufólksins.

Vilja stjórnvöld dagsins í dag að framtíðarkynslóðir skynji að þau tóku áframhaldandi afstöðu með hinum valdamiklu – hinum raunverulega seku – og að þau hafi viðhaldið fjarlægðinni frá hinum valdaminni með því að hundsá ákall þeirra um réttlæti?

Stjórnvöld eru því miður að taka ákvörðun í þá átt ef þau halda að sátt og réttlæti náist með einfaldri útdeilingu bóta, sem ekkert gera til að losa fyrrum dómpóla og aðstandendur þeirra við arfleifð sjálfrar skammarinnar.

1. Lagabreyting á skilyrðum fyrir endurupptöku dæmdra mála

Að okkar mati þarf að rýmka möguleika til endurupptöku á dómum sem byggðu eingöngu eða nær eingöngu á fölskum játningum og/eða óáreiðanlegum framburðum, sérstaklega ef játningarnar eða framburðirnir voru í mótsögn við önnur, hörð sönnunargögn í máli. Þetta er hægt að gera með því að skerpa á eða bæta við skilyrðin til endurupptöku sem útlistuð eru í 228. gr. laga nr. 88/2008, en í núverandi mynd eru þau bæði lóðin og dómþolum óhagstæð. Sérstaklega erfitt reyndist þannig í endurupptökuferli síðastliðinna ára að tengja sálfræðilegt mat á framburðum sakfelldu við skilyrðin, og það var ekki síst vegna þess sem ferlið tók jafn mörg ár og raun bar vitni.

En nú liggur fyrir úrskurður endurupptökunefndar og dómur Hæstaréttar um þessi atriði. Kalla mátti báða þá úrskurði staðfestingu á þeim framförum sem hafa átt sér stað í réttarsálfræði á sviði falskra játninga og óáreiðanlegra framburða, og ættu lögin með réttu að fylgja þeim straumi og greiða fyrir endurupptöku annarra mála þar sem réttlætinu kann einnig að hafa misfarist á svipaðan máta.

2. Fræðsla ungmenna

Fræðsla um Guðmundar- og Geirfinnsmál, lærdóminn sem draga má af þeim sem og leitinni að réttlæti, þyrfti að okkar mati að vera bætt inn í menntakerfið á mismunandi stigum þess. Byrja mátti á því að kynna nemendum í unglingadeildum grunnskóla fyrir réttindum sem þau hafa gagnvart ríkisvaldinu, og í framhaldsskólum gæti ungt fólk svo fengið inngang að stofnunum réttarvörslukerfisins og réttarsögu Íslands í gegnum málin.

Víða erlendis hafa skref verið tekin í sambærilega átt. Reynsla annarra, t.d. Chicago-borgar,³ hefur svo sýnt hversu mikilvægt það er að þróun námsefnisins og innleiðing þess sé gerð í samráði við aðila sem hafa reynslu af þessum kerfum, bæði því fólki sem starfar innan þeirra (lögregluþólk, dómáráðar, saksóknarar o.s.frv.) sem og þeim sem brotið hefur verið á í krafti kerfanna. Þá er vert að nefna að innleiðing námsefnis um misbeitingu valds hefur hleypt lífi í samfélagsumræður milli ólíkra (og oft á tíðum stríðandi) fylkinga um það mikilvæga viðfangsefni sem er samskipti ríkis og einstaklinga, opinberra starfsmanna og þeirra sem minna mega sín. Framkvæmdin sjálf gæti þannig haft í för með sér heilandi áhrif á samband aðilanna ef vel er að henni staðið.

3. Lagaleg menning

Símenntun er að sjálfsögðu ómissandi liður í starfsferlum þeirra sem vinna innan réttarvörslukerfisins. Reynslan af Guðmundar- og Geirfinnsmálum og leitinni að réttlæti sýnir fram á mikilvægi þess að íslenska ríkið bjóði þessu fólki upp á námskeið sem snúast um hinar kerfislegu orsakir og afleiðingar sem einkenna rangláatar málsmeðferðir og ranga dóma. Markmiðið með þessu væri að

³ Upplýsandi í þessu samhengi er grein bandaríska blaðamannsins Peters C. Baker, „This, too, was history. The battle over police torture and reparations in Chicago’s schools“, sem birtist í *The Point Magazine* (2019).

stuðla að því að meðvitund um málaflokkinn skjóti rótum hér á landi, en slíkt hefði ótvírætt jákvæð áhrif á lagalegu menningu okkar.

Að því leyti sem skortur er á innlendri reynslu og þekkingu á þessum málaflokkum mætti veita fjármagn til að fá til landsins sérfræðinga að utan og kynna þá fyrir fyrirhuguðum ábyrgðaraðilum innlendu endurmenntunarinnar. Best væri svo ef fjölpjóðleg ráðstefna, aðgengileg fræðimönnum og áhugamönnum með ólíka bakgrunni, yrði skipulögð í kringum viðfangsefnið.

4. Skilningur á sögulegum rótum kerfisbundinnar jafdarsetningar og mismununar

Byrji maður að kynna sér ævi Tryggva Rúnars Leifssonar og annarra fyrrum dómþola í Guðmundar- og Geirfinnsmálum verður maður þess fljótt áskynja að dómskerfið var ekki fyrsta opinbera kerfið sem brást þessu fólki á lífsleiðinni. Stéttir lögreglumanna og dómara voru heldur ekki einu stéttirnar sem brugðust í málnum sjálfum, heldur voru sálfræðingar og geðlæknar t.a.m. mikilvægir hlekkir í brotum ríkisins gegn dómþolunum fyrrverandi.⁴

Við teljum að uppbyggilegt væri að auglýsa styrk til sérstakrar rannsóknar (eða rannsókna) á þróun stefnu íslenskra yfirvalda á eftirstriðsárunum gagnvart börnum og unglingum með námsörðugleika og hegðunarvanda, og barna sem gátu almennt talist vera í viðkvæmri félagslegri stöðu. Í henni mætti skoða áhrif fagfólks innan og utan menntakerfisins, stjórnmalamanna og venjulegra fjölskyldna á stefnuna, og greina svo hvernig stefnan birtist í beinni beitingu ríkisvalds- og ofbeldis. Slík rannsókn gæti tengst öðrum sögulegum uppgjörum við arfleifð ofbeldis sem beitt var í skjóli ríkisstofnanna á umræddu tímabili. Nægir í því samhengi að nefna reynslu barna og fatlaðra af vist- og meðferðarheimilum og þeirra hundruða sem voru vönuð vegna meints óhæfis til barneigna.

Rannsóknina mætti undirbúa og jafnvel framkvæma á vegum tiltekinna ráðuneyta eða með því að auglýsa styrki til fræðimanna í gegnum Vísinda- og tækniráð/Rannís.

5. Skipulag í skjalasöfnum

Nokkrum sinnum hefur maður fengið að heyra hversu skipulagslaus og illa flokkuð gögn Sakadóms Reykjavíkur hjá Þjóðskjalasafni eru. Þetta útskýri m.a. afgreiðslutíma sem dragast svo mánuðum skiptir. Það sem starfsfólk Þjóðskjalasafns skortir er fjármagn og vinnuafli til að fara yfir alla bunkana. Hugsanlega væri hægt að eyrnamerka tiltekna fjármuni til skjalfraðilegrar rannsóknar á umræddum gögnum, en slík vinna myndi svo tryggja að safnið gæti afgreitt skjöl á skjótari hátt og jafnframt að engum gögnum sem tengjast beiðnum sé óvart sleppt við afgreiðslu.

⁴ Sjá í þessu samhengi meistararitgerð mína, „Restoring a life on the margins. How my grandfather's diaries from his time in solitary confinement have been used in pursuit of post-mortem justice, and why Iceland has more to reckon with than just our tarnished name“. Aðgengileg á vef Háskólans í Bresku Kólumbíu.

6. Aðgangur almennings að upplýsingum

Annað sem útskýrir langa afgreiðslutíma á dómum og lögregluskýrslum sem geymdir eru á Þjóðskjalasafni er persónuverndarlöggjöfin. Hlýtur hún að teljast afar ströng í alþjóðlegum samanburði. Skjalaverði ber þannig að hafna flestum aðgangsbeyðnum um gögn (öll nema opinbera dóma í rauninni) sem koma frá öðrum en aðila máls nema málið sé 80 ára gamalt eða eldra. Í sumum tilfellum samþykkja skjalaverðir þó beiðnir með því skilyrði að allar persónugreinanlegar upplýsingar séu afmáðar þegar þeir gera afrit af dómum og/eða lögregluskýrslum. Slík gögn duga skammt við skoðun á þeirri félagslegu vídd sem segir eitthvað innihaldsríkt um reynslu jaðarsetts og varnarlauss fólks af dómskerfinu. Þætti okkur eðlilegt að upplýsingalög verði eflað svo að almenningur og fjölmiðlar geti veitt stofnunum réttarvörslukerfisins í nútíð og fortíð heilbriggt aðhald.

7. Nefnd um efnislega skimun dóma

Sakadómarnir þrír, sem ekki eingöngu felldu þyngstu dóma lýðveldissögunnar heldur tóku líka ákvarðanir um að hér á landi skyldu vera framkvæmdar lengstu einangrunarvistir sem gæsluvarðhaldsfangar hafa nokkurntímann tekið út í frjálslýndu lýðræðisríki á friðartímum, eru rúnir trúverðugleika eftir úrskurð Hæstaréttar sl. september.

Við vitum að mistök þessara manna verða ekki tekin upp fyrir dómi á okkar dögum, m.a. vegna þess að tveir þeirra eru látnir, en tvennt er þó mögulegt fyrir íslenska ríkið í stöðunni sem nú er komin upp varðandi skort á trausti og trúverðugleika tiltekinna dómara. Í fyrsta lagi er ennþá hægt að upplýsa almenning um hversu mörg og gróf brot téðra sakadómara voru á því tímabili sem hið svokallaða rannsóknarréttarfar var enn við lýði hér á landi. Í öðru lagi er ennþá fært að sækja réttlæti fyrir aðra einstaklinga, lífs og liðna, sem hugsanlega hafa hlotið rangláta málsmeðferð hjá þessum mönnum og/eða verið ranglega dæmdir af þeim.

Um þessi verkefni væri hægt að stofna nefnd með sérstakar rannsóknarheimildir. Nefndin þyrfti að geta veitt forsendum dóma sérstaka efnislega meðferð. Gæti hún t.d. byrjað á því að sérmerkja dóma sem byggðu á játningu sakbornings sem gefin var í trássi við önnur gögn máls. Nefndin þyrfti augljóslega að hafa mikið traust og vera skipuð fulltrúum með bakgrunn í sagnfræði sem og lögfræði. Afraksturinn gæti verið skýrsla þar sem nefndin myndi taka til það sem hún fann og stinga upp á frekari aðgerðum til að gera upp ranga dóma og ranglátar málsmeðferðir.

Niðurlag

Tillögur þessar eiga það sameiginlegt að þær framlengja þann tíma sem Guðmundar- og Geirfinns-
mál, og brestir í réttarvörslukerfinu almennt, eru á dagskrá stjórnvalda og ríkisstofnanna.

Tillögurnar grundvallast á þeirri sannfæringu að meiri upplýsingar og aukin þekking muni færa
skömmina þangað sem hún á með réttu að vera, en það er alveg örugglega ekki hjá fólki eins og
Tryggva Rúnari Leifssyni, sem var neitað af samfélaginu um grundvallarmannúð, sanngirni og
réttlæti frá því að hann á barnsaldri, algerlega varnarlaus.

Að lokum ber að benda á hversu nátengd og samofin þau markmið eru, að í fyrsta lagi afhjúpa og
leiðrétta brot gegn ungu fólki í fortíðinni og síðan koma nýjum kynslóðum Íslendinga í sterkari
stöðu til að skilja sinn rétt og sína sögu. Slík markmið ætti ekki að draga í sundur ef hámarka á
árangurinn.